

Greinargerð.

Vaxandi óánægju hefur gætt á undanförunum árum með fyrirkomulag og ákvörðun örorkumata hjá Tryggingastofnun ríkisins. Bent hefur verið á ýmsar leiðir til bóta, m. a. þá, sem hér er lagt til að reynd verði.

Endurskoðunarnefnd laga um almannatryggingar kannaði fyrir nokkrum árum afstöðu yfirmanna stofnunarinnar, þ. á m. flestra deildarstjóra og tryggingayfirlækna, til þessa atriðis. Meðal þeirra, sem tjáðu sig um þetta, var tryggingayfirlæknir. Taldi hann, eins og allir þeir sem tjáðu sig um fyrirkomulag örorkumata, að eðlilegt væri að taka tillit til fleiri atriða en lækisfræðilegra, þegar örorkustig væri ákveðið. Menn virtust almennt séð sammála um að við slík mót yrði að taka mið af a. m. k. þremur ákvarðandi atriðum, þ. e. a. s. 1) líkamlegri eða andlegri heilbrigði, 2) tekjuöflunarfærni við óbreytt ástand skv. 1) og loks af 3) félagslegum aðstæðum einstaklings þ. á m. fjárhagslegri þörf m. v. fjölskyldubyrði, heimilisástandur o. fl. o. fl.

Þar eð segir í 3. mgr. 12. greinar laga 67/1971 að tryggingayfirlæknir meti örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur (örorkulífeyri og örorkustyrki), er lagabreyting í þá veru, sem hér er lögð til, nauðsynleg, eigi að reyna hér nýjar leiðir.